



# SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/75

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 132/1698**

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

**komudagur 21.4.2006**

Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími/Tel.: +354-568 1612  
Telefax: +354-568 9664  
www.sit.is


19. apríl 2006

**Efni: Um frumvarp til laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, 651. mál.**

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 4. þ.m., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga (SÍT) um ofangreint þingmál. Skal af því tilefni eftirfarandi atriðum hreyft:

1. Með frumvarpi þessu er fyrst og fremst verið að innleiða efni tilskipunar 2005/60/EB um ráðstafanir gegn því, að fjármálakerfið sé notað til peningabættis og til fjármögnunar hryðjuverka. Er í innleiðingu ráðist nú, þótt enn hafi ekki verið formlega frá því gengið að taka tilskipunina upp í EES-samninginn. Er frumvarpinu ætlað að leysa af hólmi lög um aðgerðir gegn peningabætti nr. 80/1993 með síðari breytingum. Í þeim lögum og að sínu leyti einnig í reglugerð nr. 272/1994 um hlutverk fjármálastofnana við aðgerðir gegn peningabætti, sem sett var lögnum til fyllingar, er ýmis efnislega sambærileg ákvæði að finna og í frumvarpinu nú. Vegna allumfangsmikilla breytinga á fjölbjóðlegum reglum um ráðstafanir gegn peningabætti að undanfögnu hefur þó verið valin sú leið að semja og leggja fram frumvarp til nýrra heildarlaga hér á landi. Sýnist það skynsamleg ákvörðun, enda felast í frumvarpinu nokkur nýmæli, einkum varðandi lagaframkvæmdina og eftirlit.
2. Að því er lýtur að váttryggingastarfseminni sérstaklega er í tilskipun 2005/60/EB við það miðað, að efni hennar taki eingöngu til líftryggingastarfsemi, þ.e. ekki til starfsemi á sviði skaðatrygginga. Fyrir því eru góð og gild rök. Í því frumvarpi, sem hér er til umfjöllunar, er sama leið farin, sbr. b. –lið 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins, þar sem skýrt er kveðið á um, að gildissviðið taki til líftryggingafélaga einna, og þar með ekki til annarra félaga með annars konar váttryggingastarfsemi.
3. Skýrar og afdráttarlausar reglur hér á landi um ráðstafanir gegn peningabætti hafa almennt þýðingu fyrir traust íslensks fjármála- og viðskiptalífs á alþjóðavettvangi. SÍT hvetur eindregið til þess, að frumvarp þetta verði samþykkt sem fyrst.

Með vinnsemd og virðingu,  
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

  
Sigmar Ármannsson